

Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun



Verkefnalýsing

1. Nemendur kynna sér Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
2. Nemendur vinna saman í hópum og svara eftirfarandi spurningum:
 - a. Hvað eru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna?
 - b. Hvað er sjálfbær þróun? Nefndu dæmi um slíkt.
 - c. Nefndu 2-3 heimsmarkmið sem þér finnst skipta miklu máli og af hverju? Eða finnst þér kannski öll heimsmarkmiðin skipta jafn miklu máli. Útskýrðu.
 - d. Eru einhver heimsmarkmið sem tengjast sín á milli og þá hvernig?
(dæmi: Heimsmarkmið nr. 6 – Hreint vatn og hreinlætisaðstaða hefur t.d. áhrif á Heimsmarkmið nr. 3 – Heilsa og vellíðan).

e. Hvað getur þú gert til að vinna að heimsmarkmiðunum?

3. Nemendur taka viðtal við starfsfólk skólans um heimsmarkmiðin. Hafa í viðtalsformi, sem dansþátt, leikþátt eða á öðru formi sem nemendum finnst sniðugt að gera. Hægt að spyrja spurninga eins og t.d.:

- Hvað eru Heimsmarkmið SP?
- Nefndu 2-3 Heimsmarkmið SP
- Er skólinn þinn að vinna eftir Heimsmarkmiðum SP? (nefna dæmi).

4. Nemendur eru með kynningu fyrir framan bekkinn þar sem þeir segja frá sínu verkefni og greina frá niðurstöðum sínum.

Slóðir:

Heimsmarkmiðin og undirmerkið:

<https://www.un.is/heimsmarkmidin/>

Heimsmarkmið SP, RÚV.

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/heimsmarkmid/31453>

Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun (íslenskt tal):

<https://www.youtube.com/watch?v=5ZdAYti8eLs>

Hvað er sjálfbær þróun? (íslenskt tal):

<https://www.youtube.com/watch?v=aD4EWBZQ7Ms&t=146s>

Hvernig þú getur lagt þitt af mörkum þegar kemur að heimsmarkmiðunum (íslenskt tal):

<https://vimeo.com/330481023>

Hvað getur þú gert til að vinna að heimsmarkmiðunum, þú ert bara krakki? (íslenskur texti):

https://www.youtube.com/watch?v=bjB_fhbtii8

Ákall til fræðslu (íslenskt tal):

<https://www.youtube.com/watch?v=8c9HLFhWW-o>

Risaeðlan Frankie er með skilaboð til heimsins (á íslensku og ensku):

<https://www.facebook.com/UNAceland/videos/590764515594895>

<https://www.youtube.com/watch?v=L9eFABJqGTM>

Ungmennaráð Heimsmarkmiða SP

<https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/hagnytt-efni/ungmennarad/>

Kennsluleiðbeiningar:

Um verkefnið:

Í þessu verkefnið læra nemendur um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Lögð er áhersla á virkni nemenda. Mikilvægt er að efnið sé kynnt vel fyrir nemendum þannig að þeir geti ígrundað efni og myndað sér skoðun á því. Gott er að vera með opnar spurningar og leyfa nemendum að hugsa sig um, af hverju er eitthvað eins og það er og hvað er hægt að gera til að finna lausnir á því? Leyfið nemendum að koma með gagnrýnar spurningar. Hver ber ábyrgð á stöðu málsins og af hverju? Hvert er hlutverk einstaklingsins, samfélagsins, sveitarfélagsins, fyrirtækja, ríkisstjórnar, alþjóðastofnana, heimsins?

Verkefnið snertir alla grunnþætti menntunar. Lögð er áhersla á virkni nemenda, samvinnu, virka hlustun, ígrundun, gagnrýni, sjálfstæði. Hlustað er á öll sjónarmið og nemendum gefinn kostur á að segja sína skoðun, sem og að virða skoðanir annarra. Í lýðræðissamfélagi er tjáningarfrelsi einstaklingsins virt. Mikilvægt er að skapa afslappað andrúmsloft í skólastofunni/eða annars staðar þar sem nám fer fram til að nemendur séu óhræddir við að tala og tjá sig. Nemendur vinna saman í hópum og leita svara við ýmsum spurningum með því að afla sér upplýsinga.

Aldurshópur:

Verkefnið er ætlað fyrir grunnskóla og framhaldsskóla með því að velja hvaða verkefni/spurningar henta fyrir hvern aldurshóp.

Tímalengd:

Verkefnið er fjölbreytt og býður upp á marga möguleika, hvort sem er ein kennslustund eða fleiri. Hægt er að vinna það sem þemaverkefni og einnig að samþætta það við aðrar námsgreinar.

Helstu markmið námsefnisins er að nemendur:

- Læri um Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun.
- Tengir þemu Skóla á grænni grein við Heimsmarkmið SP.
- Tileinki sér þá hugmyndafræði sem býr að baki Heimsmarkmiðum SP. •
Finni að rödd þeirra og aðgerðir hafi áhrif.
- Vinni saman og leiti lausna.
- Efli félagsfærni og samkennd.
- Séu virkir, hlusti á aðra, ígrundi.
- Sýni sjálfstæði, gagnrýna hugsun og sköpun.

Tenging við grunnþætti í aðalnámskrá:

Læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð,

sköpun.

Heimsmarkmið sem tengjast verkefni:

